

Fundargerð foreldrafélags BES 26. nóvember 2018

Mættar eru: Ásthildur, Sara Dögg, Dorothee og Lóa Björk

Fundur settur kl. 20:30

1. Fundur með bekkjartenglum frestast fram í janúar. Við erum komnar með skrá yfir alla tengla og munum boða þá á fræðslu og umræðufund eftir jólafrí.
2. Jólajóla
 - a. Í vetur langar okkur, ef vel gengur, að bjóða upp á Laufabrauðsskurð og steikingu fyrir börn og foreldra. Til stendur að fá með okkur einhverja hressa og þaulvana steikjara. Laugardagurinn 8. des varð fyrir valinu og munum við fyrst senda út fyrirspurnir um hvort við fáum ekki einhverja með okkur í þetta verkefni og svo sendum við út auglýsingar með nánari tímasetningum, verði og framkvæmdinni.
 - b. Jól í skókassa sem haldinn var í nóvemberbyrjun tókst vel. Stemningin var góð og söfnuðust 13 kassar sem við skiluðum í kirkjuna á Selfossi sem sá um að koma þessu áfram í rétta leið.
3. Önnur mál
 - a. Húsið á Eyrarbakka er tilbúið að taka á móti nemendahópum, við ætlum að koma þessu áfram til skólaráðs og vonum við að samstarf milli þessara staða verði aukið.
 - b. Rukkun verður send fljótlega í heimabanka allra heimila barna í BES
 - c. Hugmynd kom um að fá mentor-námskeið fyrir foreldra og jafnvel kennara á vorönn, skoðum þetta betur eftir áramót og þá jafnvel í samstarfi við starfsmenn skólans.

Fundi slitið kl. 21:30